

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um skipun stjórnarnefndar og svæðisstjórna málefna fatlaðra.

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein er verði 6. mgr., svohljóðandi:

Félagsmálaráðherra er heimilt að leyfa samtökunum að tilnefna sameiginlega þrjá menn sem aðalmenn og þrjá til vara í stjórnarnefnd og svæðisstjórnir um málefni fatlaðra, ef þau óska eftir því.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 41 23. mars 1983 um málefni fatlaðra og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. nóvember 1987.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

Hallgrímur Dalberg.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Akranesi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. október 1987 staðfest deiliskipulagsupphrátt af hafnarsvæðinu á Akranesi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög mæla fyrir um og verið samþykktur af bæjarstjórn Akraness og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1987.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.